

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 63/2005

frá 29. apríl 2005

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/87/EB frá 7. september 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að aðlagða III. viðauka við hana að tækniframförum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/88/EB frá 7. september 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að aðlagða III. viðauka við hana að tækniframförum ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/94/EB frá 15. september 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE að því er varðar IX. viðauka ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/93/EB frá 21. september 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE í því skyni að aðlagða II. og III. viðauka við hana að tækniframförum ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Færa þarf á nýjan stað í XVI. kafla II. viðauka við samninginn nokkrar gerðir sem þegar hafa verið felldar inn sem 11., 12. og 13. liður, þ.e. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/41/EB ⁽⁶⁾, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/80/EB ⁽⁷⁾, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 58, 26.2.2004, bls. 28, og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/83/EB ⁽⁸⁾, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 58, 26.2.2004, bls. 28.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XVI. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 287, 8.9.2004, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 287, 8.9.2004, bls. 5.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 294, 17.9.2004, bls. 28.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 300, 25.9.2004, bls. 13.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 145, 20.6.2000, bls. 25.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 224, 6.9.2003, bls. 27.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 238, 25.9.2003, bls. 23.

- „- **32000 L 0041**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/41/EB frá 19. júní 2000 (Stjtíð. EB L 145, 20.6.2000, bls. 25),
- **32003 L 0080**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/80/EB frá 5. september 2003 (Stjtíð. ESB L 224, 6.9.2003, bls. 27), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 58, 26.2.2004, bls. 28,
 - **32003 L 0083**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/83/EB frá 24. september 2003 (Stjtíð. EB 238, 25.9.2003, bls. 23), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 58, 26.2.2004, bls. 28,
 - **32004 L 0087**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/87/EB frá 7. september 2004 (Stjtíð. ESB L 287, 8.9.2004, bls. 4),
 - **32004 L 0088**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/88/EB frá 7. september 2004 (Stjtíð. ESB L 287, 8.9.2004, bls. 5),
 - **32004 L 0094**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/94/EB frá 15. september 2004 (Stjtíð. ESB L 294, 17.9.2004, bls. 28),
 - **32004 L 0093**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/93/EB frá 21. september 2004 (Stjtíð. ESB L 300, 25.9.2004, bls. 13).“
2. 11. liður (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/41/EB), 12. liður (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/80/EB) og 13. liður (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/83/EB) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2004/87/EB, 2004/88/EB, 2004/94/EB og 2004/93/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. apríl 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.